

Steinunn Kristjánsdóttir

Sigrún Hannesdóttir

Magnea Dís Birgisdóttir

DYSJAR HINNA DÆMDU

Áfangaskýrsla 2018



Reykjavík 2018

Efnisyfirlit

1. Inngangur	3
2. Um líflátsdóma og aftökur á Íslandi.....	4
3. Gagnagrunnur yfir dauðadóma.....	6
4. Vettvangsferðir 2018.....	9
Vaðall	10
Hagi	11
Miklidalur.....	13
Bótólfsnes.....	14
Reiðskörð	15
Elliðaá.....	17
Laugarbrekka.....	18
Arnarneshæð.....	20
5. Lokaorð	22
6. Heimildaskrá	22
5. Gagnagrunnur.....	25

© Steinunn Kristjánsdóttir, Sigrún Hannesdóttir og Magnea Dís Birgisdóttir

Reykjavík: höfundar 2018

Forsíðumynd: Mikladalsá í Patreksfirði. Þar var Guðrúnu Valdadóttur drekkt árið 1754. Mál hennar var kveikjan að þessari rannsókn en það var eftir að Eggert Björnsson frá Patreksfirði fann mannabein við ána (mynd: Steinunn Kristjánsdóttir).

Rannsóknin var styrkt af: Rannsóknasjóði Háskóla Íslands og Fornminjasjóði.

1. Inngangur

Skömmu eftir siðaskiptin færðist réttur til refsinga frá kirkju til veraldlegra valdhafa. Var þá farið í ríkara mæli en nokkru sinni fyrr að beita líkamlegum refsingum fyrir hvers kyns afbrot. Nýjum lagabálki, Stóradómi, var einnig bætt við gildandi lög en dæmt var eftir honum í siðferðisbrotamálum. Fólk var einkum tekið af lífi fyrir fimm flokka brota. Það var fyrir blóðskömm, dulsmál, morð, þjófnað og galdra en einnig fyrir iðkun kaþólskrar trúar. Fyrsta dómsúrskurði um dauðarefsingu var raunar ekki fullnægt hérlendis fyrr en seint á 16. öld. Árið 1551 voru aftur á móti fimm karlmenn teknir af lífi án dóms og laga í trúarbragðastríði því sem ríkti vegna siðaskiptanna. Frá 1582 urðu aftökur síðan nær árlegur viðburður og allt til ársins 1792 en þá fækkaði þeim verulega aftur. Síðasta aftakan fór svo fram árið 1830 eftir 25 ára langt hlé en dauðarefsingar voru ekki afnumdar úr íslenskum lögum fyrr en árið 1928.

Markmiðið með rannsókninni sem hér er sagt frá er að leita þeirra einstaklinga sem teknir voru af lífi hérlendis frá 1551–1830. Nöfn þeirra, brot og dómar verða skráð en einnig verður bakgrunnur þeirra kannaður með tilliti til stöðu, fjölskylduhags og búsetu. Þá er markmiðið að skrá þá staði þar sem aftökurnar fóru fram og leita beina eða dysja á þeim. Stefnt er að því að grafa upp sumar dysjanna svo varpa megi frekara ljósi á heilsufar líflátinna, klæðnað þeirra, grafarumbúnað og aðferðir við aftöku. Auk þess verða aftökurnar settar í sögulegt og félagslegt samhengi með tilliti til veðurfars og stjórnarháttar, og tilraun gerð til þess að greina bakgrunn líflátinna og um leið ástæður brotanna. Athugað verður hvort brotum hafi fjölgað í hallærum og sömuleiðis hvort greina megi breytingar í viðhorfi til þeirra á tímabilinu. Loks verður stétt böðla könnuð. Rannsóknin mun byggja á kenningum um efnismenningu og undirsáta (e. subaltern) en einnig póst-marxisma og femínisma. Hugmyndafræðileg mótun stétta og stéttskiptingar, kynbundið misrétti og möguleikar undirsáta til að hafa áhrif á ríkjandi viðmið verða þannig í forgrunni (sjá t.d. Spivak 1988; Therborn 1999; 2013; Young 2003).

Gert er ráð fyrir að rannsóknin standi yfir í að minnsta kosti fimm ár en hún hófst í maí árið 2018. Vinnan þetta fyrsta ár fólst að miklu leyti í að taka saman heimildir um dauðarefsingar á Íslandi og að gera gagnagrunn yfir þá einstaklinga sem teknir voru af lífi. Gagnagrunnurinn var unninn í Excel en einnig GIS sem er landfræðilegt upplýsingakerfi. Nær gagnagrunnurinn yfir öll þau mál sem getið er um í *Annálum Íslands 1400–1800* auk örfárra annarra mála sem fundust fyrir tilviljun meðan á vinnslu hans stóð. Listinn yfir þær aftökur sem hér fóru fram er vafalaust ekki tæmandi, því eftir er að fara markvisst yfir héraðsdómsbækur og þjóðsögur, auk þess sem Alþingisbækurnar voru aðeins lesnar að hluta. Við gerð gagnagrunnsins var fyrst og fremst litið til dauðadóma sem var framfylgt. Dæmi þess að

dauðadómar væru mildaðir af konungi eru mörg, sér í lagi frá síðari hluta 18. aldar og nær listinn ekki yfir slík mál. Hins vegar voru dauðadæmdir einstaklingar sem létust áður en aftaka þeirra fór fram skráðir enda má ætla að dauðadómum þessara einstaklinga hefði verið framfylgt hefðu þeir lifað. Þá eru talin með tilvik þar sem ekki er vitað hvort dauðadómi var fylgt eftir eða ekki. Farnar voru vettvangsferðir til fjarkannana eða uppgrftar á samtals átta aftökustaði sumarið 2018 og verður sagt nánar frá þeim hér á eftir. Eins voru stakir beinafundir kannaðir en fara þarf betur yfir þá staði þar sem óútskýrð mannabein hafa fundist. Loks var farið yfir þá uppgrefti sem hafa verið gerðir á dysjum dauðadæmdra.

Í þessari skýrslu er greint frá framvindu og niðurstöðum þessa fyrsta árs rannsóknarinnar sem miðaðist við söfnun frumgagna. Ekki verður lögð áhersla á að rekja sögu rannsókna á aftökum hérlendis en það verður gert síðar í rannsókninni. Starfsmenn við jarðsjármælingar voru Mark Graham, Frank Giecco, Joanne Samper og Ian Wathson. Starfsmenn við heimildavinnu og vettvangsrannsóknir voru fornleifafraeðinemarnir Sigrún Hannesdóttir og Magnea Dís Birgisdóttir. Til aðstoðar við vettvangsvinnu voru fornleifafraeðingarnir Ómar Valur Jónasson og Margrét Jóhannsdóttir og fornleifafraeðineminn Indriði Skarphéðinsson. Sigrún vann gagngrunn þann sem rannsóknin byggir á og var Magnea henni til aðstoðar. Þá vann Ómar Valur að kortagerð en myndataka var í höndum Indriða. Loks aðstoðaði Gísli Kristjánsson sagnfraeðingur við lestur Alþingisbóka. Verkefnastjóri er Steinunn Kristjánsdóttir fornleifafraeðingur.

Höfundar vilja þakka Eggerti Björnssyni fyrir mikilvægar upplýsingar og aðstoð við leit við Mikladalsá í Patreksfirði. Sömu leiðis er landeigendum í Haga, hjónunum Bjarna Hákonarsyni og Kristínu Haraldsdóttur, og á Vaðli, hjónunum Hákonni Jónssyni og Þórunni Eggertsdóttur, á Barðaströnd þakkað fyrir ómetanlega aðstoð við vettvangsvinnu á jörðum þeirra.

2. Um líflátsdóma og aftökur á Íslandi

Elstu ákvæði um dauðarefsingar er að finna í Járnsíðu frá 1281 og litlu síðar í Jónsbók en heimildir um aftökur fyrir siðaskipti eru þó fáar. Og enda þótt ákvæði um dauðarefsingar hafi verið til í íslenskum lögum allt frá 13. öld og þeim framfylgt að vissu marki, mörkuðu siðaskiptin – líkt og fyrr getur – upphaf hrinu dauðarefsinga sem lauk seint á 18. öld (sjá til dæmis: Gils Guðmundsson 1953; Ármann Snævarr 1955; Magnús Már Lárusson 1966; Páll Sigurðsson 1964; 1971; 1984; 1992; 2000; Sigurlaugur Brynleifsson 1976; Már Jónsson 1993; 2000; Inga Huld Hákonardóttir 1995; Davíð Þór Björgvinsson 1984; 1989; Ólína Þorvarðardóttir 2000). Þetta staðfestir rannsóknin sem hér er sagt frá.

Við siðaskiptin var iðkun kaþólskrar trúar bönnuð og fólki refsað fyrir slík brot. Stærsta breytingin varð hins vegar þegar Danakonungur fyrirskipaði með bréfi rituðu árið 1554 að sýslumenn skyldu taka við afgreiðslu dóma vegna hvers kyns afbrota í stað kirkjuvaldsins. Um leið var kristniréttur Árna biskups frá 1275 afnuminn (DI XIV, bls. 271–276; Már Jónsson 1993, bls. 90–93). Eftir það var dæmt til dauða hérlandis fyrir alla þá fimm flokka brota sem nefndir eru hér að framan. Það er raunar ekki fyrr en Stóridómur var innleiddur í landslög árið 1564 að dæmt var til dauða fyrir ýmis siðferðisbrot, eins og til dæmis blóðskömm en það var samræði var haft í náinni frændsemi og fyrir þriðja hórdómsbrot. Átti að drekkja konum en hálshöggva menn fyrir slík brot (DI XIV, bls. 271–276). Stóridómur tók reyndar ekki á hinum svokölluðu dulsmálum, þ.e. þegar leynt var farið með fæðingu barns og því fargað. Hins vegar var getið um dauðarefsingu fyrir slík brot í dönskum lögum og var lengi vel dæmt eftir þeim hérlandis þó aðferðir við aftökur væru frekar í takt við ákvæði Stóradóms (Már Jónsson, 2000). Karlar voru því nærri alltaf hálshöggvir og konum oftast drekk þótt að í sumum tilfellum hafi þær einnig verið höggvar á háls; Ingibjörg Jónsdóttir var til að mynda hálshöggvin fyrir dulsmál árið 1792. Þá gætti áhrifa siðaskiptanna ekki síst í galdramálum þegar kom að dauðadómum. Ýmis konar hvítagaldur sem kaþólska kirkjan hafði réttlætt töldu siðskiptamenn hættulegan og þeir sem fundnir voru sekir um kukl og meðferð galdrastafa voru brenndir á báli (Sigurlaugur Brynleifsson, 1976).

Af samantektinni, sem hér hefur verið gerð yfir dauðadóma, sést glögglega að karlar sem dæmdir voru fyrir morð voru nær alltaf hálshöggvir og sumir pyntaðir að auki. Fyrir dauða sinn árið 1596 var svo dæmi sé tekið Axlar-Björn limmarinn með sleggjum og árið 1752 var Kjöseyrar-Jón klipinn fjórum sinnum með glóandi tögum áður en hægri hönd hans og loks höfuð var höggvið af og sett á stöng öðrum til viðvörunar. Eitt dæmi er þess að manni væri drekk fyrir morð. Hann hét Ögmundur Þorkelsson og hafði sjálfur drekk syni sínum. Ýmsum aðferðum var beitt við aftöku á konum sem dæmdar voru fyrir morð en líkt og í tilfelli Ögmundar virðist stundum gilda nokkurs konar „auga-fyrir-auga” lögmál. Guðrún Þorsteinsdóttir var til að mynda brennd á báli árið 1608 fyrir að hafa brennt barn í grautarkatli norður í Þingeyjarþingi og árið 1706 var Kristínu Björnsdóttur drekk en hún hafði sjálf drekk 6 vetra gamalli dóttur sinni.


Að aftöku lokinni var fólk oftast dysjað á aftökustað, ýmist í gjótum eða í grunnum gröfum sem huldar voru grjóti. Svo virðist þó sem að þeir sem voru hengdir hafi verið látnir hanga í gálганum þar til reipin slitnuðu. Það kemur fram í þjóðsögum en laus bein hafa einnig fundist ofanjarðar við gálgakletta eða gálgagil (sjá t.d. Íslenskar þjóðsögur 1945, bls. 232). Eins voru höfuð þeirra sem voru hálshöggvir alla jafna sett á stöng við dysina og látin vera þar

þangað til þau féllu sjálf til jarðar. Í einu tilviki er vitað til þess að höfuð tveggja líflátinna í sama máli hafi verið grafin á aftökustað skömmu eftir aftökuna en talið er að sveitungar þeirra hafi gert það þar sem þeim ofbauð meðferðin á líkunum. Um var að ræða síðustu aftöku á Íslandi (Sigrún Huld Þorgrímsdóttir 2005). Þá eru að minnsta kosti tvö dæmi um að líflátnir hafi fengið greftrun í kirkjugarði eða við kirkjugarð – án helgiathafnar. Það voru þær Katrín Þorvarðsdóttir sem tekin var af lífi 1703 og Ingibjörg Sölvadóttir 1758 (Vallannáll, bls. 350; Ölfusvatnsannáll, bls. 46; Már Jónsson 2000, bls. 254).

Fimm dysjar dauðadæmdra hafa verið grafnar upp en auk þess hafa mannabein fundist á stöku aftökustað, einkum þá þar sem fólk var hengt (sjá t.d. Sigrún Huld Þorgrímsdóttir 2005; Guðmundur Ólafsson 1996; Anna Kristín Ólafsdóttir 2013). Hefur sumum þeirra verið skilað til Þjóðminjasafns en ekki öllum.

3. Gagnagrunnur yfir dauðadóma


Þegar gagnagrunnurinn lá fyrir sumarið 2018 var gerð samantekt um aldur og kyn dauðadæmdra, hvar þeir bjuggu og hver staða þeirra var. Þá var kannað í hvaða sýslum var dæmt og hvar aftökustaðirnir voru innan þeirra. Loks var tíðni brota af hverri gerð skoðuð og skoðað hvort samhengi var á milli þeirra og aðstæðna í samfélaginu. Ekki vannst tími þetta fyrsta ár rannsóknarinnar til að skoða bakgrunn böðla á Íslandi eða kanna afdrif barna og annarra afkomenda dauðadæmdra. Það verður gert síðar.



Mynd 1. Aldur Íslendinga við aftöku (Sigrún Hannesdóttir vann stöplariðið).

Samantektin á aftökum nær yfir 235 einstaklinga; 69 konur og 166 karla. Aðeins tókst að áætla aldur 112 einstaklinga sem dæmdir voru til dauða en af þeim var sá yngsti 14 ára og sá elsti 80 ára. Algengasta aldursbilið var 35–39 (mynd 1).

Oftast féllu dauðadómar fyrir þjófnað, af þeim fimm gerðum brota sem dæmt var til dauða fyrir (morð, blóðskömm, dulsmál og galdra, auk þjófnaðar). Athygli vekur líka að aftökur fyrir þjófnað fóru eingöngu fram á 174 ára tímabili, frá 1584 til 1758, á meðan tekið var af lífi fyrir flest önnur brot allt tímabilið frá 1551–1830. Aftökur vegna galdra skera sig einnig úr fyrir þetta en þær fóru fram á enn styttra tímabili, frá 1625–1685, enda yfirleitt talað um galdrafár í því sambandi (mynd 2).




Mynd 2. Aftökur fyrir galdra fóru fram með hléum á 70 ára tímabili (Sigrún Hannesdóttir vann stöplaritíð).

Hlutföll kynja í þessum tveimur flokkum er sömuleiðis áberandi ójöfn. Alls voru 75 einstaklingar hengdir fyrir stuld og af þeim voru tvær konur. Aðeins ein kona þó var í hópi þeirra 22 einstaklinga sem brenndir voru fyrir galdra. Karlmenn voru raunar einnig í meirihluta í morðmálum; 27 karlar hlutu dauðarefsingu fyrir morð en sex konur. Dauðadæmdar konur eru hins vegar áberandi fleiri en karlar í flokkum siðferðisbrota. Í annálum er getið um 34 konur sem teknar voru af lífi fyrir dulsmál en sex þeirra voru líka dæmdar fyrir blóðskömm. Ellefu karlar voru hálshöggðir fyrir dulsmál og voru sex þar af um leið dæmdir fyrir blóðskömm. Kynjaskipting þeirra sem einungis hlutu dauðarefsingu fyrir blóðskömm er raunar nokkuð jöfn; 26 konur misstu lífið fyrir slík brot en 23 karlar (sjá Gagnagrunn aftast í þessari skýrslu).

Algengasti aftökustaðurinn voru Þingvellir en að minnsta kosti 72 einstaklingar voru teknir af lífi þar nær allt tímabilið sem hér um ræðir. Undantekningin er flokkur þjófnaðar en þeir voru nær eingöngu teknir af lífi á Alþingi tímabilið 1678 til 1703 og aðeins einn eftir það, árið 1726 (mynd 2). Einnig var algengt af aftökum færu fram á Kópavogspingstað og í nágrenni við


hann, í Elliðaá, á Bessastöðum og í Garðahrauni sunnan Bessastaða. Í Gullbringusýslu allri voru 22 teknir af lífi fyrir alla flokka brota. Dæmi um aðra algenga aftökustaði er Laugarbrekkubing á Snæfellnesi þar sem ekki færri en fimm voru teknir af lífi og Gálgagil í Víðidal í Vestur-Húnavatnssýslu. Reyndar fóru fram aftökur víðast hvar um landið. Að Norður-Þingeyjarsýslu, Austur-Barðastrandarsýslu og Skaftafellssýslum frátöldum voru skráðar aftökur í öllum sýslum.



Mynd 3. Þjófvar voru áberandi oft teknir af lífi heima í héraði (Sigrún Hannesdóttir vann myndina).

Athygli vekur að tíðni aftaka milli ára var mjög breytileg og á vissum tímabilum má greina bylgjur í aftökum og því væri áhugavert er að skoða þessar bylgjur út frá sögulegu og félagslegu samhengi. Á það ekki aðeins við um galdra og þjófnað en augljós er fylgni milli fjölda aftaka fyrir þjófnað og verðurfars en ljóst er að þjófvar voru oftast nær heimilislausir einstaklingar sem stálu sér til matar. Hannes Finnsson skrifaði um hallæri: „Á árunum 1627–1641 gekk Hvítivetur harðast að, féll þá margt fólk, svo og í bólunni 1635.“ Engin hallæri voru næstu 30 árin en undir lok 17. aldar geisuðu langvarandi stórharðindi og mannfækkun. Um árin 1697–1701 skrifar hann: „Hallæri, svo og rán og þjófnaður gekk fram úr máta, en breytir til hins betra 1702.“ Á fyrri hluta 18. aldar tilféllu engin hallæri en árið 1751 byrjuðu mikil harðindi sem náðu hámarki 1757. Á þessum tímabilum eru aftökur á þjófum áberandi margar og mannfækkun sömuleiðis (mynd 3).

Þeir Íslendingar sem teknir voru af lífi komu alls staðar af á landinu (mynd 4). Hægt var að finna búsetustað flestra þeirra við aftöku, nema síst þegar þjófvar áttu í hlut enda voru margir þeirra heimilislausir flakkarar (sjá einnig gagnagrunn aftast í þessari skýrslu).




Mynd 4. Aftökustaðir á Íslandi. Þeir sem skoðaðir voru sumarið 2018 eru auðkenndir með rauðum punkti (Ómar Valur Jónasson og Steinunn Kristjánsdóttir unnu kortið).

4. Vettvangsferðir 2018

Líkt og fyrr getur var farið í vettvangsferðir á átta aftökustaði innan ramma verkefnisins árið 2018. Staðirnir eru Vaðall, Hagi, Bótólfsnes og Reiðskörð sem allir eru á Barðaströnd, Miklidalur í Patreksfirði, Elliðaárdalur í Reykjavík og Laugarbrekka á Snæfellsnesi. Tvær ferðir voru farnar á þá fimm fyrst nefndu og grafið í meintar dysjar á þremur: Vaðli, Haga og Mikladal. Reynt var að nýta hverja ferð til að skoða fleiri en einn stað eða mál í einu. Hér á eftir verður greint frá þessum vettvangsferðum og farið yfir mál tengdum þeim (aftökustaðirnir eru auðkenndir með rauðum punkti á mynd 4).

Vaðall

Á bænum Vaðli á Barðaströnd var svonefnt Vaðlaþing. Þar var Guðrún Skaptadóttir yngri dæmd til dauða árið 1673 fyrir dulsmál en hún hafði eignast tvíbura með giftum manni og drepið þá stuttu eftir fæðingu. Ekki kemur fram í heimildum hver maðurinn var en Guðrún er sögð vera frá bænum Hamri á Hjarðarnesi en var vinnukona í Hvammi þegar börnin fæddust. Var hún dæmd til dauða og dregt í Vaðalsánni en á með þessu heiti rennur rétt undir Þinghólnum á Vaðli (Eyrarannáll, bls. 298). Ekki er vitað hvar Guðrún var dysjuð en gera má ráð fyrir að það hafi verið gert rétt við aftökustaðinn. Gamla þjóðleiðin um Barðaströnd liggur einmitt yfir ána og neðan við Þinghólinn á Vaðli.



Mynd 5. Niðurstöður jarðsjármælinga á Vaðli á Barðaströnd (mynd: Mark Graham).

Hinn 17. maí var leitað að dys Guðrúnar með fjarkönnunum. Gengið var meðfram ánni og gamla þjóðleiðin skoðuð. Rétt við hana, undir Þinghólnum, fannst svo aflöng, grasivaxin þúst sem gat verið dysin. Var hún mæld með segulmæli. Síðan var Þinghóllinn mældur og túnið vestur af honum með bæði viðnáms- og segulmæli. Þar komu í ljós rústir upp við garðlag sem talið er vera göng sem sagt er frá í Gísla sögu Súrssonar. Eru þau friðlýst sem slík (Friðlýsingaskrá 1990, bls. 34).

Ekkert kom fram við jarðsjármælingarnar sem benti til mannvistar í þústinni en eina leiðin til að skera úr um hvort svo væri var að grafa í hana (mynd 5).



Mynd 6. Grafið var í aflanga þúst á bökkum Vaðalsár, rétt neðan við Þinghólinn þar, en engar mannvistarleifar fundust þar (myndir: Indriði Skarphéðinsson).

Farið var aftur farið vestur 5. júlí til þess að skera úr um það hvort þústin væri dys. Ekkert reyndist vera undir henni svo dys Guðrúnar er enn ófundin (mynd 6, sjá einnig mynd 10).

Hagi


Hagi á Barðaströnd er forn kirkjustaður og sýslumannssetur. Þar voru fangar hafðir í haldi en aðeins einn þeirra tekinn af lífi svo vitað sé. Það var Sigurður „elli“ Jónsson frá Geirseyri í Patreksfirði. Hann var dæmdur fyrir blóðskömm og hálshöggvinn á Hólavelli rétt innan við bæjarhúsin í Haga árið 1754.



Mynd 7.

Hagakirkja á Barðaströnd. Rétt austan við kirkjugarðinn þar fannst aflöng hleðsla sem líktist dys (mynd: Steinunn Kristjánsdóttir).

Sigurður játaði að hafa eignast barn með fyrrum tengdadóttur sinni, Guðrúnu Valdadóttur, og taldist það dauðasök samkvæmt Stóradómi. Sigurður óskaði þess að vera dysjaður þar sem vígð og óvígð mold mætast við kirkjugarðinn í Haga en dys hans er nú týnd (Hannes Þorsteinsson, 1932–1935, bls. 68–70; Már Jónsson, 1993, bls. 218 og 223; Íslands árbók, bls. 36; Úr Djákna-annálum, bls. 92; Alþingisbækur XIV 1751–1765, bls. 94).



Mynd 8. Niðurstöður jarðsjármælinga í Haga á Barðaströnd (mynd: Mark Graham).

Farið var í vettvangsferð að Haga 18. maí og leitað að dys Sigurðar með fjarkönnunum. Gengið var í kringum kirkjugarðinn en þá fannst þar hleðsla sem líktist dys, um þremur metrum austan við hann (mynd 7). Var hún mæld með viðnáms- og segulmæli. Hólavellir voru líka mældir um leið, sem og afmarkað svæði syðst í kirkjugarðinum. Er það elsti hluti hans en þar er nú trjálundur og engin merkt legstæði (mynd 8).

Minjar fundust á öllum svæðunum þremur en ógreinilegar þó. Vitað er að á Hólavelli stóðu fjárhús fram á miðja 20. öld, enda mátti greina rask þar rétt undir grassverði. Þá er talið að kirkjan hafi lengi staðið þar sem trjálundurinn er nú en að hún hafi verið flutt á núverandi stæði þegar hún var endurbyggð árið 1899. Þar greindist skýrt viðnám undir grassverðinum. Vel má vera að það sé gamli kirkjugrunnurinn eða legsteinar sem hafa sokkið í jörðu. Austan við kirkjugarðinn sást dysin greinilega, enda sýnileg á yfirborði, en þar í kring og austan við hana eru rústir. Ein þeirra er aflöng. Óvíst er af hvaða byggingum þessar rústir eru en austan við þær stóð skemma þar til fyrir skemmstu.

Grafið var í hina meintu dys við kirkjugarðinn í Haga í nýrri vettvangsferð hinn 6. júlí. Það kom vissulega á óvart þegar ekkert fannst undir hleðslunni sem þó er um tveir metrar á

lengd og aflöng. Það er með öllu óljóst hvaða hleðsla þetta er en hún var greinilega manngerð og ekki um óregulega hrúgu af steinum að ræða. Og dys Sigurðar er því enn ófundin.

Miklidalur

Guðrúnu Valdadóttur var drekt í Mikladalsá í Patreksfirði árið 1755, ári á eftir fyrrum tengdaföður sínum Sigurði „ella“ sem sagt var frá hér að framan (sjá forsíðumynd). Var hún dæmd til dauða fyrir sama brot og hann, þar eð þau áttu að hafa eignast barn saman (Hannes Þorsteinsson, 1932, bls. 68-70; Már Jónsson, 1993, bls. 218 og 223; Íslands árbók, bls. 36; Úr Djáknaannálum, bls. 92; Alþingisbækur XIV 1751-1765, bls. 94).

Guðrún Valdadóttir var bústýra hjá Sigurði eftir að kona hans lést og hafði hún áður átt barn með Einari, stjúpyni Sigurðar. Móðir Einars var ófrísk að honum þegar hún giftist Sigurði „ella“ og gekkst hann við barninu til að fá að kvænast henni (Hannes Þorsteinsson, 1932–1935). Sigurður reyndi að nota sér og Guðrúnu til málsbóta að hann væri ekki blóðfaðir Einars og að málið teldist því ekki sem blóðskömm. Davíð Scheving sýslumaður fékk skipun um aftöku Sigurðar og Guðrúnar en hann baðst undan henni og skrifaði bréf til Magnúsar Gíslasonar amtmanns. Hann var ekki ánægður með bréfið og hneykslaðist á töfinni á aftökunum. Í frásögnum Gísla Konráðssonar 100 árum seinna segir hann að það hafi tvisvar liðið yfir Davíð meðan verið var að drekkja Guðrúnu (Már Jónsson, 1993, bls. 218).



Mynd 9. Leitað var í uppmokstri frá byggingaframkvæmdum við Mikladalsá en ekkert fannst (mynd: Indriði Skarphéðinsson).

Sagt er einnig að kvöldið fyrir aftökuna hafi Guðrún saumað pokann sem henni var síðan drekt í. Vissi hún til hvers hann var ætlaður en hélt fram sakleysi sínu. Á leiðinni á aftökustaðinn söng Guðrún 27. sálminn úr Passúsálmunum og byrjaði á versinu: „Ó, vei þeim, sem að órétt lög...“ og söng til enda. Illa gekk svo að drekkja Guðrúnu. Böðullinn þurfti tvisvar að bæta grjóti í pokann til að hann sykki og hélt hann henni niðri með broddstaf sínum þar til hún drukknaði í þriðju atrennu. Guðrún var dysjuð á holti við veginn við Mikladalsá (Inga Huld Hákonardóttir, 1992, bls. 214).

Sumarið 2017 fundust mannabein í skurði sem grafinn var vegna húsbyggingar við Mikladalsveg í Patreksfirði. Skammt þar frá er hylur sem talið er að Guðrúnu hafi verið drekkt í. Í vettvangsferð sem farin var á staðinn 7. júlí 2018 var skurðurinn skoðaður. Um leið var uppmokstur úr honum kannaður (mynd 9). Ljóst var fljótt að jarðvegur á staðnum er mikið raskaður vegna ýmissa framkvæmda í áranna rás. Hafi Guðrún verið dysjuð þarna er dys hennar að öllum líkindum horfin.

Bótólfsnes

Bótólfsnes á Barðaströnd er grýtt nes sem gengur út á leirur sem sjór fellur að úr Breiðafirði. Nefnast leirurnar Vaðall, eins og samnefndur bær þar ofan við. Þar var áður nefnt Vaðlaþing og rennur Vaðalsáin norðvestan við Þinghólinn (mynd 10). Nesið heitir eftir Bótólfi Jörundssyni.



Mynd 10. Unnið við jarðsjármælingar við Vaðalsá þegar leitað var að dys Guðrúnar Skaftadóttur. Sjá má Bótólfsnes vestan við ána, merkt með hvíttri ör (mynd: Steinunn Kristjánsdóttir).

Bótólfur banaði öldruðum manni, Jóni Gottskálkssyni. Sagan segir að hann hafi reynt að ná hesti Jóns, kippt honum af baki og barið hann síðan með steini í höfuðið svo hann lá eftir rotaður. Jón lést af sárum sínum nokkrum dögum síðar. Bótólfur var tekinn fastur á Vattarnesi í Vattarfirði í A-Barðastrandasýslu og fluttur á Haga á Barðaströnd. Var hann dæmdur til dauða fyrir morðið og dómurinn staðfestur á Alþingi sumarið eftir. Bótólfur var hálshöggvinn árið

1739 á áður nefndu nesi og hefur það æ síðan verið nefnt Bótólfsnes. Þetta var jafnframt síðasta aftakan á Barðaströnd (Alþingisbækur XII 1731–1740, bls. 461–464; Grímsstaðaannáll, bls. 573–574; Hrafnagilsannáll, bls. 669; Hannes Þorsteinsson, 1932–1935, bls. 128–130).

Þann 6. júlí 2018 var farið á Bótólfsnes og svipast eftir mögulegri dys Bótólfs. Veðurskilyrði voru góð en nesið er víðfemt og erfitt yfirferðar. Því var flogið með dróna yfir nesið en ekkert hefur enn fundist á myndunum sem getur hugsanlega verið dys Bótólfs Jörundssonar.

Reiðskörð

Reiðskörð (stundum nefnd Rauðsdalsskörð eða Rauðuskörð) á Barðaströnd er berggangur mikill sem gengur út í sjó (mynd 11). Staðurinn hefur lengi verið tengdur við aftökur sakamanna, þá sérstaklega þjófa sem eiga að hafa verið hengdir í þeim. Sveinn „skotti“ Björnsson, sonur Axlar-Björns, er einn þeirra. Hann var dæmdur til hæsta húðláts árið 1646 fyrir slæma hegðun, sérstaklega í garð kvenna. Sveinn lagaðist ekki við þessa refsingu og var því dæmdur til dauða og hengdur í Reiðskörðum árið 1649 (Eyrarannáll, bls. 263; Seiluannáll, bls. 286; Setbergsannáll, bls. 74; Vallaholtsannáll, bls. 334).

Segir í þjóðsögum og munnmælum að illa hafi gegnið að hengja Svein, snærið hafi alltaf slitnað en þá hafi hrafnar byrjað að krunka „tág, tág“. Náðu menn þá í viðartág og dugði það til að hengja hann. Misjafnar frásagnir eru um hvernig Sveinn „skotti“ var dysjaður, sums staðar segir að systir Sveins, Barbara hafi skorið hann niður úr snörunni. Aðrir segja að hann hafi hangið þar til hann rotnaði og datt niður og að hann hafi þá verið dysjaður en höfuðið skolast úti sjó. Glufan í klettunum sem Sveinn var hengdur í er kölluð Skottagjóta (Íslenskar þjóðsögur III 1945, bls. 232).

Í þjóðsögum er einnig sagt frá fátækum bónda sem var hengdur í Reiðskörðum. Hann var frá bænum Hellu í Vatnsfirði í V-Barðastrandarsýslu og kallaður Hellu-Bjarni. Bóndinn var ásakaður um að hafa stolið nautgrip frá Rauðsdal, sem er bærinn ofan við skörðin. Málið atvikaðist þannig að Hellu-Bjarni bauð félögum sínum kæfu sem hann hafði í skrínu sinni. Frétti sýslumaður, Magnús Jónsson, af þessu og lét yfirheyra Hellu-Bjarna því grunur lék á að kæfan hefði verið gerð úr nautinu sem hvarf. Játaði Hellu-Bjarni og var hengdur í Reiðsskörðum um svipað leyti og Sveinn „skotti“ (Íslenskar þjóðsögur III 1945, bls. 232).



Mynd 11. Reiðskörð á Barðaströnd. Ekki er vitað hvar gálginn sem notaður var þar til hænginga var nákvæmlega (mynd: Steinunn Kristjánsdóttir).



Mynd 12. Rústir bæjarins Skarðatúns ofan við Reiðskörðin (mynd: Steinunn Kristjánsdóttir).

Ónefndur bóndi frá bænum Skarðstúni (mynd 12) á sömuleiðis að hafa verið hengdur í Reiðskörðum fyrir þjófnað en ekki segir nánar frá því máli í þjóðsögum eða annálum. Hellu-Bjarni og bóndinn frá Skarðstúni voru hengdir í sömu glufu og Sveinn „skotti“ var hengdur í nokkrum árum síðar (Íslenskar þjóðsögur III, 1945, bls. 232).

Þann 6. júlí 2018 var farið að Reiðskörðum og leitað mögulegra dysja eða mannabeina. Gengið var um svæðið og dróna flogið yfir. Mikið er um fornar minjar á svæðinu en ekkert fannst sem benti til þess að vera dys Sveins „skotta“, Hellu-Bjarna eða bóndans frá Skarðstúni – hafi þeir á annað borð verið dysjaðir þar. Af þjóðsögunni að dæma getur verið að lík hengdra þjófa hafi almennt verið látin rotna í snörunni, líkt og í tilfalli Sveins. Jarðneskar leifar þeirra geta því hafa skolast á haf út en í aðfalli fellur alveg upp að klettunum í Reiðskörðum. Munnmæli herma að höfuð Sveins hafi rekið á land við Siglunes sem er vestast á Barðaströnd.

Elliðaá



Mynd 13. Svonefndur Drekkjarhylur í Elliðaá, skammt frá Breiðholtsbraut. Vigdís var að öllum líkindum drekkst í þessum hyl (mynd: Indriði Skarphéðinsson).

Árið 1695 fannst barnslík í vatnslind hjá Ingunnarstöðum í Brynjudal í Kjósarsýslu. Vinnukonan á bænum, Vigdís Þórðardóttir, gekkst við barninu og lýsti vinnumanninn Einar Jónsson föður þess en sagði að hann hafi ekki verið með í verkum þegar hún bar það út. Var

hún dæmd til dauða á Kópavogspingi snemma árs 1696. Þegar dómurinn féll var hins vegar ljóst að Vigdís gekk með annað barn, sem hún síðan kenndi sama manni. Beðið var eftir því að barnið fæddist en eftir barnsburðinn var henni drekkt í Elliðaám í Reykjavík (Alþingisbækur VIII.1 1684–1685, bls. 537-538; Hestaannáll, bls 539, 541; Setbergsannáll, bls. 142 og 147; Sjávarborgarannáll, bls. 316; Már Jónsson, 2000, bls. 247). Ekki hefur þótt rétt að drekkja barnshafandi konu en ekki er dæmi um annað sambærilegt mál í heimildum. Eldra barnið hefur verið á öðru ári þegar móður þess var drekkt. Ekki er heldur vitað hvar Vigdís var í haldi á meðan hún beið aftökunnar.

Drekkjarhylur í Elliðaá var skoðaður 19. júlí og leitað að hugsanlegri dys Vigdísar þar. Ekkert fannst en aðstæður til leitar voru erfiðar vegna mikils gróðurs sem vaxið hefur upp þar á undanförunum árum. Þar eru birkitré og víðfemar lúpínu-, kerfils og hvannarbreiður (mynd 13).

Laugarbrekka

Á sunnanverðu Snæfellsnesi, vestan við Hellnar, er fornt kirkjuból sem kallast Laugarbrekka. Þar var löngum þingstaður sem heitir Laugarbrekkubing. Tóftir bæjarins sjást vel sem og leifar gömlu kirkjunnar og kirkjugarðsins. Neðan við bæjarstæðið er Þinghamar en þar fór þinghaldið fram.

Að minnsta kosti sex voru réttáðir og dæmdir til dauða á Laugarbrekkubingi. Björn Pétursson frá bænum Öxl, betur þekktur sem Axlar-Björn, viðurkenndi að hafa myrt níu manns og var í kjölfarið dæmdur og tekinn af lífi á þinginu fyrstur allra, árið 1596. Axlar-Björn var limmarinn með sleggju og afhöfðaður. Hann var síðan sundur stykkjaður og festur á stengur. Kona Axlar-Bjarnar hjálpaði honum við sum morðanna en var ófrísk þegar réttarhöldin fóru fram og slapp því við dauðarefsingu. Bar hún Svein „skotta“ sem sagt er frá hér að framan undir belti þegar aftakan fór fram. Axlar-Björn var síðan dysjaður í þremur haugum á Laugarbrekkuholtinu (Alþingisbækur III 1595–1603, bls. 64 og 101; Ballarannáll, bls. 187–188; Fitjaannáll, bls. 89; Skarðsárannáll, bls. 180). Gísli Tómasson var einnig dæmdur og tekinn af lífi á Laugarbrekkubingi fyrir morð. Það var árið 1634. Gísli myrti föður sinn, Tómas Þorkelsson, vestur í Dalasýslu (Ballarannáll, bls. 200; Fitjaannáll, bls. 127; Grímsstaðaannáll, bls. 470; Skarðsárannáll, bls. 240).

Minnst tveir voru dæmdir og teknir af lífi á Laugarbrekkubingi fyrir blóðskömm og tveir fyrir dulsmál. Valgerður Jónsdóttir og Ingimundur Illugason hétu þau sem voru dæmd og tekin af lífi á þinginu 1659 fyrir blóðskömm. Ekkert er vitað um brot þeirra eða skyldleika (Fitjaannáll, bls. 185; Vallaholtsannáll, bls. 353). Nokkru fyrr, eða árið 1656, var Sigríður

Gunnarsdóttir dæmd á þinginu og tekin af lífi 1656 fyrir dulsmál. Hún hafði fætt barn á leið sinni til Arnarstapa og skilið það eftir. Síðar sást til Sigríðar „mjólka sig“ á almannafæri svo upp komst um barnsförgunina (Már Jónsson, 2000, bls 59-61). Sama ár var önnur ónafngreind kona var dæmd og tekin af lífi á þinginu fyrir dulsmál en hún hafði lagt steina, annan á bringu og hinn á höfuð barnsins, og skilið það eftir (Seiluannáll, bls. 308; Vallaholtsannáll, bls. 346).

Í annálum er minnst á þrjá sem hengdir voru undir Jökli fyrir þjófnað. Það var ónafngreindur maður árið 1626 (Skarðsárannáll, bls. 224), ónafngreind kona árið 1636 (Skarðsárannáll, bls. 246; Vallholtsannáll, bls. 329; Grímsstaðannáll, bls. 471) og loks maður að nafni Eiríkur Gíslason árið 1691 (Setbergsannáll, bls. 132). Konan sem hengd var undir Jökli árið 1636 er eina konan sem tekin var af lífi eingöngu fyrir þjófnað. Ein önnur kona fékk dauðadóm fyrir þjófnað en hún var um leið dæmd til dauða fyrir hórdóm. Það var Margrét Símonardóttir sem drekk í drekkingarhylnum á Alþingi við Öxará hinn 3. júlí 1678 (Fitjannáll, bls. 427 Hestsannáll bls. 512; Eyrarannáll bls. 309-310; Sjávarborgarannáll, bls. 306).



Mynd 14. Dysjar undir Gálgaheiðum á Snæfellsnesi (mynd: Steinunn Kristjánsdóttir).

Þeir sem hlutu dauðadóm sinn á Laugarbrekkubingi undir Jökli voru margir hverjir hengdir í Gálgaheiðum sem eru vestan við Kálfatraðahraun. Þann 30. júlí 2018 var farið í vettvangsferð á Snæfellsnes og Laugarbrekkubingsstaður skoðaður. Svipast var um eftir dysjum og fundust tvær friðlýstar dysjar í Kálfatraðahrauni alveg við þjóðveginn (mynd 14). Tvær mögulegar dysjar Axlar-Bjarnar fundust uppá Laugarholtinu, önnur var merkt sem friðlýst en hin var

ómerkt. Líklega hefur merkið dottið af eða verið fjarlægt. Milli bæjarstæðisins á Laugarbrekku og Laugarvatns fannst aftur á móti stök grjóthleðsla, gróin í toppinn og ómerkt, sem gæti verið dys.

Í vettvangsferðinni þann 30. júlí var einnig svipast um eftir dys Einars Gíslasonar sem var dæmdur til dauða fyrir þjófnað við Fróðá á Snæfellsnesi árið 1691 en hengdur í Bugsklettum undir Jökli. Einar bað um að vera grafinn við Fróðá og segir í annálum að þeirri bón hafi verið svarað (Grímsstaðaannáll, bls. 489; Hestaannáll, bls. 531). Við Fróðá fannst hins vegar ekkert þar sem leitað var neðst við árbakkana.


Arnarneshæð

Kópavogspingstaður er vel þekktur aftökustaður. Þar voru grafnar upp dysjar tveggja sakamanna, konu og manns, árið 1988. Hafði konunni verið drekkt í poka en maðurinn hálshöggvinn og höfuð hans sett á stjaka. Konan var jörðuð í pokanum sem henni var drekkt í og höfuð mannsins látið standa á stjakanum þar til það féll af honum. Talið er fullvíst að þarna hafi fundist dysjar Steinunnar Guðmundsdóttur húsfreyju í Árbæ og Sigurðar Arasonar vinnumanns á sama bæ. Hafði Steinunn lagt á ráðin um að drepa eiginmann sinn, Sæmund Þórarinsson, og fengið vinnumanninn til liðs við sig. Játuðu þau fyrir dómi að hafa hrint honum niður Skötufoss, hvar lík hans fannst, árið 1704 (Guðmundur Ólafsson 1996).



Mynd 15. Svonefnd Kules-dys var skoðuð tvívegis árið 2018 (mynd: Indriði Skarphéðinsson).

Að minnsta kosti tíu einstaklingar voru alls teknir af lífi á þessum eina þingstað. Sjá má dysjar þar enn, enda þótt margar séu horfnar undir vegi eða byggingar. Ein þessara sýnilegu dysja, svonefnd Kules-dys, en það er grjóthrúga efst á Arnarneshæð, rétt vestan við Hafnarfjarðarveg (mynd 15). Þar á að vera dysjaður þýskur maður að nafni Henrik Kules en hann var tekin af lífi á Kópavogspingi árið 1582 en vissulega komur fleira afbrotafólk til greina. Henrik þessi var dæmdur til dauða fyrir að hafa stungið Bjarna Eiríksson til bana og var verknaðurinn framinn á Bessastöðum á jólanótt (Alþingisbækur II, bls. 7–9). Það var aftakan á Henrik sem markaði upphafið að þeirri hrinu aftaka sem stóð til loka 18. aldar á Íslandi.



Mynd 16. Dysin á Arnarneshæð var mæld með bæði viðnáms- og segulmæli 2018 (mynd: Mark Graham).

Dysin á Arnarneshæð var mæld með bæði viðnáms- og segulmæli í maí 2018. Þar við liggur reiðhjólástígur sem margir þekkja. Af niðurstöðum mælinganna að dæma er grjóthrúgan manngerð en ekki er hægt að skera úr um það hvort hún hafi orðið til vegna grefrunar, hreinsunar túna eða vega nema með uppgrefti. Þá er aðeins hægt að skera úr það með sama hætti hver liggur í dysinni – sé steinahrúgan dys (mynd 16).

5. Lokaorð

Samantektin sem hér er sagt frá sýnir að héraendis var samtals nærri 240 dauðadómum framfylgt fyrir alls fimm flokka brota frá 1550 til 1830 er síðasta aftakan fór fram í landinu. Raunar fóru flestar aftökurnar fram á um tveggja alda tímabili sem stóð frá 1582–1792. Áberandi margir eru dauðadómar fyrir þjófnað en allt í allt voru 75 þjófar teknir af lífi á Íslandi og aðeins á 174 árum, sá fyrsti árið 1584 en síðasti árið 1758.

Það voru vissulega vonbrigði fyrir leitarfólk að finna engar dysjar á þeim þremur stöðum þar sem grafið var. En leit verður haldið áfram og aðrar dysjar sem þó sáust ofan jarðar á öðrum stöðum verða skoðaðar nánar síðar.

6. Heimildaskrá

Alþingisbækur II 1582-1594 (1915–1916). Reykjavík: Sögufélag.

Alþingisbækur III 1595–1603 (1917). Reykjavík: Sögufélag.

Alþingisbækur XII 1731–1740 (1971). Reykjavík: Sögufélag.

Alþingisbækur XIV 1751–1765 (1977). Reykjavík: Sögufélag.

Anna Kristín Ólafsdóttir (2013, 8. nóvember). Sérstæð sakamál – morðin á Sjöundá.

Kvennablaðið. Sótt af slóðinni <http://kvennabladid.is/2013/11/08/serstaed-sakamal-mordin-a-sjounda/>

Ármann Snævarr (1955). Íslenzkar réttarreglur um tvenna hjúskapartálma frá siðaskiptum til vorra daga. Í *Afmælisriti helguðu Ólafi Lárussyni*, bls. 1–20. Reykjavík: Hlaðbúð.

Ballarannáll (1935). *Annálar 1400–1800 III*, bls. 179–224. Reykjavík: Hið íslenska bókmenntafélag.

Davíð Þór Björgvinsson (1984). *Stóridómur*. Reykjavík: Félag áhugamanna um réttarsögu.

Davíð Þór Björgvinsson (1989). *Stóridómur. Lúther og íslenskt þjóðlíf*, bls. 119–140.

DI: *Íslenskt fornbréfasafn XIV* (1944–1949). Reykjavík: Hið íslenska bókmenntafjelag.

Djáknaannáll (1987). *Annálar 1400–1800 VI*, bls. 1-330. Reykjavík: Hið íslenska bókmenntafélag.

Eyrarannáll (1935). *Annálar 1400–1800 III*, bls. 225-420. Reykjavík: Hið íslenska bókmenntafélag.

Fitjaannáll (1930). *Annálar 1400–1800 II*, bls. 1–411. Reykjavík: Hið íslenska bókmenntafélag.

Friðlýsingaskrá (1990). Ágúst Ólafur Georgsson tók saman. Reykjavík: Fornleifanefnd og Þjóðminjasafn Íslands.

Gils Guðmundsson (1953). *Dreykingarhylur og Brimarhólmur. Tíu dómsmálaþættir frá seytjándu, átjándu og níttjándu öld*. Reykjavík: Iðunnarútgáfan.

Grímsstaðaannáll (1935). *Annálar 1400–1800 III*, bls. 435–657. Reykjavík: Hið íslenska bókmenntafélag.

- Guðmundur Ólafsson (1996, 23. mars). Sakamannadysjar í Kópavogi. *Lesbók Morgunblaðsins*, bls. 6–7.
- Hannes Finnsson (1970). *Mannfækkun af hallærum*. Reykjavík: Íslenska bókafélagið.
- Hannes Þorsteinsson. (1932–1935). Um Sigurð ella. *Blanda V*, (5.bindi), bls. 68–70.
- Hestaannáll (1930). *Annálar 1400–1800 II*, bls. 480-570. Reykjavík: Hið íslenska bókmenntafélag.
- Hrafnagilsannáll (1948). *Annálar 1400–1800 IV*, bls. 638-687. Reykjavík: Hið íslenska bókmenntafélag.
- Inga Huld Hákonardóttir (1995). *Fjarri hlýju hjónasængur. Öðruvísi Íslandssaga*. Reykjavík: Mál og menning.
- Íslands árbók (1955). *Annálar 1400–1800 V*, bls. 1–122. Reykjavík: Hið íslenska bókmenntafélag.
- Íslenskar þjóðsögur* (1945). Ólafur Davíðsson tók saman (1.bindi). Akureyri: Þorsteinn M. Jónsson.
- Magnús Már Lárusson (1966). Frændsemis- og sifjaspell. *Skírnir* 140, bls. 128–142.
- Már Jónsson (1993). *Blóðskömm á Íslandi 1270–1870*. Reykjavík: Háskólaútgáfan.
- Már Jónsson (2000). *Dulsmál 1600–1900*. Reykjavík: Háskólaútgáfan og Sagnfræðistofnun Háskóla Íslands.
- Ólína Þorvarðardóttir (2000). *Brennuöldin. Galdur og galdratrú í málskjölum og munnmælum*. Reykjavík: Háskólaútgáfan.
- Páll Sigurðsson (1964). Líkamlegar hegningar á alþingi. *Úlfjótur*, bls. 190–251.
- Páll Sigurðsson (1971). Líkamlegar hegningar á alþingi. *Brot úr réttarsögu*, bls. 9–89. Reykjavík: Hlaðbúð.
- Páll Sigurðsson (1984). *Athuganir á framkvæmd líflátshegninga og á aftökustöðum og aftökuörnefnum á Íslandi, utan alþingisstaðarins á Öxará*. Reykjavík: Ferðafélag Íslands.
- Páll Sigurðsson (1992). *Svipmyndir úr réttarsögu*. Reykjavík: Bókaútgáfan Skjaldborg.
- Páll Sigurðsson (2000). *Aftökustaðir í landnámi Ingólfs og aftökur dæmdra manna*. Reykjavík: Hlaðbúð.
- Seiluannáll (1922). *Annálar 1400–1800 I*, bls. 273–316. Reykjavík: Hið íslenska bókmenntafélag.
- Setbergsannáll (1948). *Annálar 1400–1800 IV*, bls. 1–215. Reykjavík: Hið íslenska bókmenntafélag.
- Sigrún Huld Þorgrímsdóttir (2005, 21. maí). Agnes og Friðrik fyrir og eftir dauðann. *Lesbók Morgunblaðsins*. Sótt af slóðinni <http://www.mbl.is/greinasafn/grein/1018633/>
- Sjávarborgarannáll (1948). *Annálar 1400-1800 IV*, bls 216-349. Reykjavík: Hið íslenska bókmenntafélag.
- Sigurlaugur Brynjólfsson (1976). Galdrar og brennudómar. Reykjavík: Mál og menning.
- Skarðsárannáll (1922). *Annálar 1400–1800 I*, bls. 28–272. Reykjavík: Hið íslenska bókmenntafélag.

- Spivak, Gayatri (1988). Can the Subaltern Speak?“ Í C. Nelson & L. Grossberg (ritstj.) *Marxism and the Interpretation of Culture*, bls. 24–28. London: Macmillan.
- Therborn, Göran (1999). *The Ideology of Power and the Power of Ideology* (fyrst gefin út 1980). London: Verso.
- Therborn, Göran (2013). *The Killing Fields of Inequality*. Cambridge: Polity Press.
- Vallaholtsannáll (1922). *Annálar 1400–1800 I*, bls. 317–367. Reykjavík: Hið íslenska bókmenntafélag.
- Young, Irish Marion (2003). The Logic of Masculinist Protection. Reflections on the Current Security State. *Signs* 29 (1), bls. 1–25.
- Ölfusvatnsannáll (1922). *Annálar 1400–1800 IV*, bls. 350–388. Reykjavík: Hið íslenska bókmenntafélag.

5. Gagnagrunnur

Nr	Aldur	Kyn	Nafn	Starf	Ár	Heimasýsla	Heimili	Brot	Dómur	Aftökusýsla	Aftökustaður	Teng. við önnur mál	Heimildir
2	66	kk	Jón Arason	biskup	1550	Skagafjarðarsýsla	Hólar, Hjaltadal	Iðkun kaþólskrar trúar	Hálshöggvinn	Árnessýsla	Skálholt	Sama mál og 3 og 4	
3	44	kk	Björn Jónsson	Prestur	1550	Húnavatnssýsla	Melstaður, Miðfjörður		Hálshöggvinn	Árnessýsla	Skálholt	Sama mál og 2, 4	
4	40	kk	Ari Jónsson	Lögmaður	1550	Eyjafjarðarsýsla	Möðrufell, Eyjafjörður		Hálshöggvinn	Árnessýsla	Skálholt	Sama mál og 2, 3	
5		kk	Hallur	Húsmaður	1551	Gullbringusýsla	Sandkot, Miðnes		Hálshöggvinn	Gullbringusýsla	Sraumur í Straumsvík	Sama mál og 6	Annálar I, bls. 456-57 (Grímsstaðaannáll).
6	51	kk	Jón Keneksson	Bóndi	1551	Gullbringusýsla	Kirkjuból, Miðnes		Hálshöggvinn	Gullbringusýsla	Sraumur í Straumsvík	Sama mál og 5	Annálar I, bls. 456-57 (Grímsstaðaannáll).
7		kk	Hinrik Kules		1582		Þýskaland	Morð	Tekinn af lífi	Gullbringusýsla	Kópavogsping		Alþingisbækur II, bls. 7-9.
8		kk	Ónafngreindur maður		1584			Þjófnaður	Hengdur		Vesturland		Annálar IV, bls. 69 (Setbergsannáll).
9		kk	Ónafngreindur maður		1584			Þjófnaður	Hengdur		Vesturland		Annálar IV, bls. 69 (Setbergsannáll).
10		kk	Ónafngreindur maður		1584			Þjófnaður	Hengdur		Vesturland		Annálar IV, bls. 69 (Setbergsannáll).
11	25	kk	Hjálmar Sveinsson		1586			Þjófnaður	Tekinn af lífi				Alþingisbækur II, bls. 66.
12	59	kk	Ögmundur Þorkelsson		1589			Morð	Drekk				Alþingisbækur II, bls. 126-127.
13	41	kk	Björn Pétursson, "Axlar-Björn"	Bóndi	1596	Snæfellsnessýsla	Öxl, Breiðuvík	Morð	Limmarinn og hálshöggvinn	Snæfellsnessýsla	Laugarbrekkuping		Annálar I, bls. 180 (Skarðsannáll); II, bls. 89 (Fitjaannáll); III, bls. 187-88 (Ballarárannáll); Alþingisbækur III, bls. 101 og 604.
14		kvk	Ónafngreind kona		1599			Blóðskömm	Drekk	Árnessýsla	Bakkarholtsþing, Ölfus		Annálar II, bls. 90 (Fitjaannáll).
15	47	kk	Björn Þorleifsson	Bóndi	1602	Snæfellsnessýsla	Snæfellsnes	Svall	Hálshöggvinn	Árnessýsla	Höggstokkseyri, Alþingi		Annálar I, bls. 187 (Skarðsannáll); Alþingisbækur III, bls. 47 og 229.
16		kk	Ónafngreindur maður		1605			Þjófnaður	Hengdur	Austur-Húnavatnssýsla	Blanda við Svarthamar		Annálar I, bls. 192 (Skarðsannáll).
17		kk	Ónafngreindur		1605			Þjófnaður	Hengdur	Austur-Húnavatnssýsla	Blanda við Svarthamar		Annálar I, bls. 192 (Skarðsannáll).
18		kk	Þórður Egilsson		1605			Blóðskömm	Hálshöggvinn				Alþingisbækur III, bls. 361.
19	31	kk	Bjarni Hildibrandsson		1606			Blóðskömm	Tekinn af lífi	Árnessýsla	Alþingi		Annálar III, bls. 257 (Eyrarannáll).

20	48	kvk	Guðrún Þorsteinsdóttir	Vinnukona	1608	Suður-Þingeyjarsýsla	Aðaldalur	Barnsmorð	Brennd	Suður-Þingeyjarsýsla	Helgastaðaping ?	Annálar I, bls. 196 (Skarðsannáll); III, bls. 258 (Eyrarannáll).
21	30	kvk	Sigríður Halldórsdóttir		1611	Dalásýsla	Saurbær	Dulsmál	Drekkt	Dalásýsla	Gerðarlækur, Ballarárþing	Annálar I, bls. 198-99, (Skarðsannáll); III, bls. 466 (Grímstaðaannáll); IV, bls. 77-79 (Setbergsannáll); Alþingisbækur IV, bls. 141-54.
22		kk	Ónafngreindur maður		1611	Norður-Múlasýsla	Vopnafjörður	Morð	Tekinn af lífi		Sama mál og 23	Annálar I, bls. 199 (Skarðsannáll).
23		kk	Ónafngreindur maður		1611	Norður-Múlasýsla	Vopnafjörður	Morð	Tekinn af lífi		Sama mál og 22	Annálar I, bls. 199 (Skarðsannáll).
24		kk	Ónafngreindur maður		1611	Strandasýsla	Steingrímsfjörður	Morð	Tekinn af lífi			Annálar I, bls. 199 (Skarðsannáll).
25		kvk	Úlfhildur Jörundsdóttir		1612			Blóðskömm	Drekkt		Vestfirðir	Annálar I, bls. 200 (Skarðsannáll); III, bls. 54 (Vatnsfjarðarannáll elzti); Alþingisbækur IV, bls. 185.
26	25	kvk	Ragnheiður Magnúsdóttir		1615	Suður-Þingeyjarsýsla	Geldingaá, Svalbarðsströnd	Barnsmorð	Drekkt	Suður-Þingeyjarsýsla	Helgastaðaping	Annálar I, bls. 203 (Skarðsannáll); III, bls. 98 (Vatnsfjarðarannáll yngsti).
27	43	kvk	Þórdís Halldórsdóttir	Húskona	1618	Skagafjarðarsýsla	Sólheimar, Sæmundarhlíð	Blóðskömm	Drekkt	Árnessýsla	Alþingi	Annálar I, bls. 209 (Skarðsannáll); Alþingisbækur IV, bls. 113, 327, 375, 386-93.
28		kvk	Guðbjörg Jónsdóttir		1618		Austurland	Blóðskömm	Drekkt	Árnessýsla	Alþingi	Móðursystir 29
29		kk	Ónafngreindur maður		1618		Austurland	Blóðskömm	Hálshöggvinn	Árnessýsla	Alþingi	Systursonur 28
30	28	kk	Ólafur Þórðarson		1618			Blóðskömm	Hálshöggvinn	Borgarfjarðarsýsla	Akranes	Annálar I, bls. 210 (Skarðsannáll); Alþingisbækur IV, bls. 375.
31	44	kk	Hildibrandur Ormsson		1624	Vestur-Ísafjarðarsýsla	Höfði, Dýrafjörður	Blóðskömm	Tekinn af lífi	Árnessýsla	Alþingi	Maður systur 32
32	29	kvk	Sesselja Jónsdóttir		1624			Blóðskömm	Tekin af lífi	Árnessýsla	Alþingi	Systir konu 31
33	25	kk	Jón Rögnvaldsson		1625	Eyjafjarðarsýsla	Svarfaðardalur	Galdrar	Brenndur	Eyjafjarðarsýsla	Eyjafjörður	Annálar I, bls. 221 (Skarðsannáll).
34		kk	Ónafngreindur maður		1626			Þjófnaður	Hengdur	Snæfellsnessýsla	Snæfellsnes	Annálar I, bls. 224 (Skarðsannáll).
35	28	kvk	Herdís Guðmundsdóttir		1627	Dalásýsla	Miðdalir?	Dulsmál	Drekkt	Dalásýsla	Miðdalir	Annálar I, bls. 226 (Skarðsannáll); III, bls. 197 (Ballarárannáll); Alþingisbækur V, bls. 149.
36		kvk	Aldís Þórðardóttir		1634	Gullbringusýsla	Álftanes	Blóðskömm	Drekkt	Gullbringusýsla	Kópavogsping	Annálar I, bls. 240 (Skarðsannáll); III, bls. 111 (Vatnsfjarðarannáll yngsti); Alþingisbækur V, bls. 350-51.
37	25	kk	Gísli Tómasson		1634	Dalásýsla	Dalir vestur	Morð	Stegldur	Snæfellsnessýsla	Laugarbrekka	Annálar I, bls. 240 (Skarðsannáll); II, bls. 127 (Fitjaannáll); III, bls. 200 (Ballarárannáll), bls. 470 (Grímsstaðaannáll).
38		kk	Jón Ormsson		1634			Þjófnaður	Hengdur	Austur-Húnavatnssýsla	Undir Svarthamri í Langadal	Annálar I, bls. 240 (Skarðsannáll).

39		kvk	Ónafngreind kona	Bústýra	1635	Dalasýsla	Hamrar í Haukadal	Dulsmál	Drekk	Dalasýsla	Haukadalur vestur	Annálar I, bls. 246 (Skarðsannáll), 329 (Vallholtsannáll); III, bls. 200 (Ballarárannáll), 471 (Grímsstaðannáll); Alþingisbækur V, bls. 436.	
40		kk	Ónafngreindur maður		1635			Þjófnaður	Hengdur	Gullbringusýsla	Bessastaðir	Annálar I, bls. 243 (Skarðsannáll); III, bls. 471 (Grímsstaðannáll).	
41		kk	Ónafngreindur maður		1635			Þjófnaður	Hengdur	Gullbringusýsla	Gullbringusýsla	Annálar I, bls. 243 (Skarðsannáll).	
42		kk	Ónafngreindur maður		1635			Þjófnaður	Hengdur	Eyjaíjarðarsýsla	Eyjaíjörður	Annálar I, bls. 243 (Skarðsannáll).	
43	36	kvk	Alleif		1636	Gullbringusýsla	Miðnes suður	Dulsmál/blóðskömm	Tekin af lífi		Systir 44	Annálar I, bls. 246 (Skarðsannáll); III, bls. 112 (Vatnsfjarðarannáll yngsti), 260 (Eyrarannáll).	
44		kk	Rustikus		1636	Gullbringusýsla	Miðnes suður	Dulsmál/blóðskömm	Tekinn af lífi		Bróðir 43	Annálar I, bls. 246 (Skarðsannáll); III, bls. 112 (Vatnsfjarðarannáll yngsti), 260 (Eyrarannáll).	
45		kvk	Ónafngreind kona		1636			Þjófnaður	Hengd			Annálar I, bls. 246 (Skarðsannáll), bls. 329 (Vallholtsannáll); III, bls. 471 (Grímsstaðannáll).	
46		kk	Ónafngreindur maður		1636			Þjófnaður	Hengdur		Suðurland	Annálar I, bls. 246 (Skarðsannáll).	
47		kk	Ónafngreindur maður		1636			Þjófnaður	Hengdur		Suðurland	Annálar I, bls. 246 (Skarðsannáll).	
48		kk	Ónafngreindur maður		1636			Þjófnaður	Hengdur		Suðurland	Annálar I, bls. 246 (Skarðsannáll).	
49		kk	Ónafngreindur maður		1636			Þjófnaður	Hengdur		Suðurland	Annálar I, bls. 246 (Skarðsannáll).	
50		kvk	Ónafngreind kona		1636	Gullbringusýsla	Bessastaðir	Blóðskömm	Tekin af lífi	Gullbringusýsla	Kópavogur	Stjúpdóttir 51	Annálar I, bls. 247 (Skarðsannáll).
51		kk	Jón Steingrímsson	Bessastaðaböðul I	1636	Gullbringusýsla	Bessastaðir	Blóðskömm	Tekinn af lífi	Gullbringusýsla	Kópavogur	Stjúpfaðir 50	Annálar I, bls. 247 (Skarðsannáll).
52	37	kk	Guðmundur "seki"Jónsson	Bóndi	1637			Duldist í landi en var útlagi	Hálshöggvinn	Suður-Þingeyjarsýsla	Vaðlaþing, Eyjaíjörður		Annálar I, bls. 250 (Skarðsannáll), bls. 330 (Vallholtsannáll).
